



Sviðsmynd úr óperunni Rhodymenia palmata.

Fágæt stund í leikhúsinu

Á föstudaginn frumsýndi Frú Emilía óperuna Rhodymenia palmata, eftir Hjámar H. Ragnarsson. Textinn er samnefndur kvæðabálkur Halldórs Laxness og byrjar svona:

„Þú ert sem saungur í sefi
eða seimur í gömlu steffi
og mér gleymast aldrei aldrei
þín ástblíðu sorgarhót.
Blessi nú guð þína lituðu lokka
og ljái þér hvíta bómullarsokka.“ ... o.s.frv.

Margur maðurinn og meyjan hefur legið yfir þessum kvæðum og nú hafa þau öðlast nýtt líf í yndislegum tónskáldskap Hjálmars og uppsetningu listamanna Frú Emilíu. Sýningin er ein af þessum fágætu stundum í leikhúsinu, sterk og hrifandi, þar sem andinn skoppar á eitthvert upphafið svið á meðan á henni stendur.

Halldór Laxness segir að hann hafi valið ljóðasýrni nafnið Rhodymenia palmata, sem er latneska heitið á sölvum, „vegna formleysis og óreglu jurtarinnar, sem nafnið ber, svo og vegna bragðs af seltu, sætu og joði, sem er að jurtinni einsog kvæðinu.“

Í uppsetningunni má kenna keim af þessari lýsingu, til dæmis í hópatriðunum, þar sem hreyfingin á leikendunum myndar bylgu um sviðið líkt og þegar gróðurinn hreyfist fram og aftur í fjöruborðinu.

Þarna koma fram einsöngvarar, kór og hljómsveit og er fjallað um tónlistina á öðrum stað í þessu blaði. En sem leikhús er ekki minna um þessa sýningu vert því að uppsetningin er gerð af þeirri hind sem einkennir svo oft listsköpun aðstandenda Frú Emilíu.

Guðjón Pedersen leikstjóri og Hafliði Arngrímsson er dramaturg. Þeir vinna mjög vel úr ferli kvæðisins og búa til fallett sjónarspil, þannig að myndin verður lifandi og um sviðið rennur heitt hjartablód með þessu ólíkindalega ívafi og útírdúrum sem einkenna kvæðabálkin.

Leikmynd Gretars Reynissonar, búningar Elínar Eddu Árnadóttur og lýsing Jóhanns Bjarna Pálmasonar

ar skapa áhrifamikla heild og frammistaða söngvara og leikhóps er mjög góð.

Alls taka 14 leikarar og söngvarar þátt í sýningunni, búningar eru svartir og lýsingin mjög dramatísk

Leiklist

Auður Eydal

og vel unnin, þó að mér þætti fulldimmt í sumum atriðum. Leikur með ljós og skuggamyndir var skemmtilega unninn og hópatriði frábærlega uppsett, án þess að það virkaði nokkurn tíma tilgerðarlega.

Mest mæðir á þeim Eddu Heiðrúnu Backman og Jóhanni Sigurðarsyni, sem syngja einsöngsatriði ásamt Sverri Guðjónssyni, en baklandið, hinir söngvararnir standa sig líka með prýði.

Það er sannarlega upplifgandi að sjá þessa undurskemmtilegu sýningu, en það setur hroll að eigingjörnum leikhúsgesti þegar til þess er hugsað að nú er allt útlit fyrir að klippt verði á þráðinn í leikhúsi Frú Emilíu, að minnsta kosti í því formi sem starfið hefur verið í Héðinshúsinu.

En vonandi fá listamenn hússins áfram tækifæri og allan stuðning sem þeir þurfa til að sinna þeim verkefnum sem þeir kjósa.

Frú Emilía sýnir í Héðinshúsi:
Rhodymenia palmata
Ópera í tíu atriðum eftir Hjámar H. Ragnarsson
við kvæðasýrpu eftir Halldór Laxness
Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason
Búningar: Elín Edda Árnadóttir
Leikmynd: Gretar Reynisson
Dramaturg: Hafliði Arngrímsson
Leikstjóri: Guðjón Pedersen

Kjarvalsstaðir:

Veðrabrigði og sjálfsskilningur myndlistarmannsins

– á sýningu Kristjáns Steingríms Jónssonar

Í miðsal eða gangi Kjarvalsstaða hangir nú uppi sýning á nýlegum verkum eftir Kristján Steingrím Jónsson. Þessi verk eru ýmist unnin á málmplötur eða á pappír, en meginuppistaða sýningarinnar eru allmörg verk unnin á málm sem öll ganga út frá sömu hugmyndum – eru myndröð eða myndheild. Þessi verk eru langt frá því aðgengileg og þarfnast í raun skýringar ef áhorfandanum á að vera unnt að skilja tilætlan listamannsins.

Skýringin er í sem stystu máli sú að hér hefur Kristján Steingrímur gert röð verka sem lýsa veðrinu eða veðurhorfum á tilteknum stöðum ákveðna daga. Heiti myndanna segja til um stað og stund: Reykjavík 05.07.1994; Yfir Esjunni 02.02.1994; Vaðlaheiði 15.02.1995. Flestar myndirnar eru þrjúþættar og sýna bakgrunn sem skilja má sem eftirmynd veðursins – þoku, móðu, birtuskilyrði – tákni sem fengið er úr táknafræðingum og merkir veðrið sem verkið lýsir og loks upprátt sem líkist þeim sem rafeindavirkjar byggja á og gæti verið af einhvers konar rafrás eða rökrás. Aðferðin sem Kristján beitir við að koma þessum þáttum fyrir sjónir áhorfenda er flókin: hann notar olíu, lakk, sandblástur og þrykk á álplötur. Niðurstaðan er mynd sem er skemmtilega hrein og vandlega byggð, en, eins og fyrr sagði, ansi torræð.

Í inngangi að sýningarskrá skrifar Ólafur Gíslason um túlkunarmöguleika þessara mynd og telur að réttast sé að skilja þær sem umfjöllun um eðli táknerfa og um tákunina sjálfa: sem eins konar semíólógu eða táknafræði. Sá skilningur tekur þá fyrst og fremst til hugmyndalegs innihalds myndanna, enda tengir Ólafur þær við koseptlist Kosuths og þær vangaveltur um samband tungumáls og listar sem upp komu, einkum á Bretlandi, um miðbik sjöunda áratugarins. Sé þessi leið farin hljóttum við að komast að þeirri niðurstöðu að myndir Kristjáns séu öðru fremur framlag í fræðilega umræðu eða að minnsta kosti að þær séu best til þess fallnar að vera viðfangsefni í slíkri umræðu.

Umfjöllun Ólafs er athyglisverð og þörf, enda hefur allt of lítið verið fjallað um fræðilegan bakgrunn myndlistar hér á landi, um eðli tákunar

Myndlist

Jón Proppé

og eftirmyndunar, tengsl myndlistar við önnur táknerfi og þá myndrænu möguleika sem í slíkum táknerfum felast. En áhorfandinn á sýningu Kristjáns hlýtur þó að velja því fyrir sér hvort ekki megi nálgast þessar fallettu myndir út frá einhverjum öðrum forsendum; hvort hann þurfi virkilega að einkorða upplifun sína á verkunum við fræðilega umræðu. Og í framhaldi af því fer hann kannski að velja því fyrir sér hvort verk af þessu tagi eigi yfirleitt erindi við sig. Það væri miður, því vissulega hefur Kristján fundið sér hér viðfangsefni sem leiðir hann til heillandi verka, hver sem kveikjan að þeim kann að vera. Verkin eru torræð, en aðdráttarafið sem þau búa yfir sprettur ekki af því að við getum ráðið í þau, gert þau auðskiljanleg og leyst þau upp í einfalda orðræðu. Markmið fræðilegrar umræðu ætti að vera skilningur, en markmið myndlistar er ekki að eyða margræðni og torskiljanleika valdararinnar, heldur að verða hluti af henni. Listaverkið er, eins og Foucault slysaðist einhvern tímann á að segja, vél sem framleiðir túlkunir; listaverkið er véfrétt og þegar listamenn byggja verk sín á fundnum táknerfum og kenningum tekst þeim yfirleitt að umbreyta þeim í einhvers konar mystík. Þannig verður myndlistin að eins konar ofurtungumáli og forsendur hennar eru allar aðrar en hins venjulega tungumáls hversdagsins. Því getum við skilið myndir Kristjáns á hvern þann veg sem okkur sýnist án þess að hirða um tilætlanir hans sjálfs. Listaverkið á sér engan uppruna því sannleikurinn verður til í því sjálfu.

Hringiðan



Það var fjör hjá krökkunum á Kópavogssleikvanginum í fyrradag. Þar sýndu sig álfar og þúkar, þjóðdansarar og hestamenn með kóng og drottningu í fararbroddi. Þessir álfar létu sitt ekki eftir liggja.
DV-myndir TJ



Álfakóngur og -drottning fóru fyrir liði sínu í Kópavoginum á laugardaginn. Fjölmargir gestir nutu sýningar hestamanna á íþróttavellinum í Kópavogsdal. Að lokinni reiðinni var álfabrenna og sást þar margur þúkinn á ferð.